



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

KONUR, FRÍÐUR OG ÖRYGGI



*Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar
öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325
um konur, frið og öryggi 2013–2016*

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar öryggisráðs SP nr. 1325 um konur, frið og öryggi 2013–2016	4
1. Fræðsla og málsvarastarf	5
2. Þátttaka	6
3. Fyrirbyggjandi starf, vernd, aðstoð og endurhæfing	7
4. Samstarf og samráð	9
Ábyrgð, eftirlit og mat á árangri	10

Útgefendur

Utanríkisráðuneytið
www.utanrikisraduneyti.is

Ljósmyndir

Forsíða: Sojoud Elgarrai (UNAMID)
Ventura Formicone (UNIFEM)
Noorani (UNICEF)
Eskinder Debebe (UN)
UN Photo

Hönnun og umbrot

Finlína

ISBN: 978-9935-9149-0-3

© 2013, Utanríkisráðuneytið

INNGANGUR

Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325, sem samþykkt var 30. október 2000, markaði tímamót í sögu Sameinuðu þjóðanna. Þar viðurkenndi öryggisráðið í fyrsta skipti sérstöðu kvenna á áttaksvæðum og mikilvægi framlags þeirra til friðar.

Útgangspunktur ályktunar 1325 er sá að konur geta bæði haft áhrif í vopnuðum átökum og að átök hafa sérstakar afleiðingar fyrir þær. Ályktunin undirstrikar mikilvægt hlutverk kvenna við áttakavarnir, friðsamlega lausn átaka og friðaruppbyggingu og leggur áherslu á jafna þátttöku þeirra og aðild að öllum aðgerðum sem ætlað er að viðhalda og stuðla að friði og öryggi. Ályktun 1325 ítrekar enn fremur nauðsyn þess að framkvæma að fullu alþjóðleg mannúðar- og mannréttindalög sem vernda réttindi kvenna og stúlkna í átökum og í kjölfar átaka. Í ályktuninni kemur auk þess fram að nauðsynlegt sé að kynjasjónarmið séu samþætt í allar aðgerðir sem stuðla eiga að friði og öryggi á alþjóðavettvangi.

Helstu áhersluatriði ályktunar 1325 eru:

- Aukin þátttaka kvenna í ákvarðanatöku og friðarferlum;
- Verndun kvenna og stúlkna á áttaksvæðum;
- Kynjasjónarmið og jafnréttisfræðsla í friðargæslu.

Ályktun 1325 brýnir fyrir aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna að grípa til aðgerða til að vinna markvisst að framgangi hennar. Þáverandi framkvæmdastjóri SP, Kofi Annan, kallaði í skýrslu sinni til öryggisráðsins um konur, frið og öryggi árið 2004 eftir því að aðildarríki SP settu sér sérstaka áætlun um framkvæmd ályktunarinnar. Ísland var á meðal fyrstu ríkja til að setja slíka framkvæmdaáætlun um ályktun 1325 árið 2008. Fjöldi ríkja hafa sett sér áætlun og margar alþjóðastofnanir og félagasamtök hafa ályktanir öryggisráðs SP um konur, frið og öryggi að leiðarljósi við stefnumótun og framkvæmd verkefna.

Í framkvæmdaáætlun Íslands frá 2008 var kveðið á um að hún skyldi endurskoðuð að þremur árum liðnum og uppfærð með hliðsjón af reynslu af framkvæmd. Árið 2011 var fenginn óháður sérfræðingur til að vinna endurmatið og skilaði hann niðurstöðum sem birtar hafa verið á heimasíðu utanríkisráðuneytisins. Niðurstöður endurmatsins voru hafðar til hliðsjónar við gerð nýrrar framkvæmdaáætlunar. Nýja áætlunin kveður skýrt á um markmið íslenskra stjórnvalda, leiðir til að ná þeim, auk þess sem ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgni er skilgreind.

Öryggisráðið hefur samþykkt fjórar ályktanir til viðbótar sem fjalla um konur, frið og öryggi og styðja markmið og framkvæmd þeirrar fyrstu nr. 1325. **Ályktun 1820/2008** leggur sérstaka áherslu á að reynt verði að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn konum og stúlkum í vopnuðum átökum. Einnig að þeir verði sóttir til saka og refsað sem ábyrgir eru fyrir slíkum glæpum. Í **ályktun 1888/2009** er sterkar að orði kveðið en í fyrri ályktunum hvað varðar kynferðislegt ofbeldi gegn konum og börnum og lögð áhersla á að sakfella þá sem taka þátt í að frenja slíka glæpi. Þar er einnig skerpt á skyldum stríðandi aðila og friðargæslusveita um að veita vernd og koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi. Í **ályktun 1889/2009** er brýnt fyrir aðildarríkjunum að leggja áherslu á kynjajafnrétti og hlutverk kvenna í friðar- og uppbyggingarstarfi og áréttað er mikilvægi þess að konur komi að friðaruppbyggingu með formlegum hætti að átökum loknum.



Í **ályktun 1960/2010** er áréttað að efla beri aðgerðir gegn kynferðislegu ofbeldi. Þar er einnig vakin athygli á nauðsyn þess að draga þá aðila sem gerast sekir um slíka stríðsglæpi fyrir dómstóla, nöfn þeirra verði gerð opinber og að refsileysi verði ekki liðið.

Þegar vísað er í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 í áætlun Íslands um framkvæmd ályktunarinnar er jafnframt átt við ályktanir 1820, 1888, 1889 og 1960 um konur, frið og öryggi.

ÁÆTLUN ÍSLANDS UM FRAMKVÆMD ÁLYKTUNAR ÖRYGGISRÁÐS SP NR. 1325 UM KONUR, FRÍÐ OG ÖRYGGI 2013–2016

Við undirbúning og gerð annarrar áætlunar Íslands um framkvæmd ályktunar 1325 um konur, frið og öryggi var tekið mið af reynslu Íslands og þeirra ríkja sem hafa unnið af mestri elju að framkvæmd ályktunarinnar. Auk þess var haft samráð við frjáls félagsamtök á Íslandi sem láta sig málaflökkinn varða. Framkvæmdaáætlun næstu fjögurra ára byggist á stefnu íslenskra stjórnvalda í friðar- og öryggismálum og er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

Framkvæmdaáætlunin tekur jafnframt mið af áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands sem samþykkt var á Alþingi í júní 2011, en þar er að finna áherslur Íslands á sviði þróunarsamvinnu fyrir árin 2011–2014¹. Í áætluninni eru sérstaklega þrjú stefnumið sem varða ályktun 1325: 1) Kynjajafnrétti og valdefling kvenna er þverlægur málaflökkur sem taka skal mið af í allri þróunarsamvinnu Íslands. 2) Stuðla skal að framkvæmd ályktana öryggisráðs SP um konur, frið og öryggi. 3) Auka skal vægi jafnréttismála í stefnumörkun og verkefnum alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lagði til í skýrslu sinni til öryggisráðsins árið 2010, að stofnanir SP, ríki og ríkjasambönd samræmi skýrslugerð og geri grein fyrir árangri undir eftirfarandi fjórum þáttum: þátttöku, forvörnum, vernd auk aðstoðar og endurhæfingar (e. participation, prevention, protection, relief and recovery). Ný framkvæmdaáætlun

íslenskra stjórnvalda tekur mið af þessari skiptingu, en þó með þeim hætti að fjallað er um forvarnir, vernd, aðstoð og endurhæfingu í einum kafla. Þá er sérstaklega fjallað um fræðslu og málsvarastarf annars vegar og samstarf og samráð hins vegar.

Markmið og aðgerðir

Í áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar 1325 fyrir tímabilið 2013–2016 eru sett fram fjögur yfirmarkmið. Fyrir hvert þeirra er sett fram væntanleg útkoma, aðgerðir, áætlaður afrakstur sem af þeim hlýst og mælikvarðar til að mæla árangur.

Í sumum tilfellum skortir grunnviðmið og hafa mælikvarðar því ekki verið fastsettir. Við endurskoðun áætlunarinnar verða þó settir ítarlegri mælikvarðar sem byggjast á niðurstöðum framkvæmdar hennar fyrstu þrjú árin. Sérstakur kostnaður við framkvæmd áætlunarinnar er áætlaður samtals 95 milljónir króna, eða tæpar 16 milljónir króna á ári.

Aðgerðir Íslands 2008–2011 á grundvelli fyrstu áætlunar Íslands um framkvæmd ályktunar 1325

- Ísland tók virkan þátt í óformlegum vinnuhópum ríkja með svipaða afstöðu innan Sameinuðu þjóðanna í New York. Annars vegar „vinum UN Women“ (e. Friends UN Women) og hins vegar „vinum kvenna, friðar og öryggis“ (e. Friends of Women, Peace and Security).
- Á vettvangi ÖSE og NATO hefur Ísland lagt ríka áherslu á framkvæmd ályktunar 1325.
- Í síðareglum utanríkisráðuneytisins og ÞSSÍ frá árinu 2009 og síðareglum Íslensku friðargæslunnar frá 2007 er tekið mið af ályktun 1325 og tekið fram að starfsfólki er með öllu óheimilt að kaupa vandi eða aðra kynlífsþjónustu.
- Sumarið 2008 hélt utanríkisráðuneytið, í samvinnu við Háskóla Íslands, alþjóðlega ráðstefnu um 1325, sem sérstaklega beindi sjónum að því hvernig virkja má konur og skapa rými fyrir þátttöku þeirra í friðarferlum.
- Hluti af námi Alþjóðlegs jafnréttisskóla snýr að ályktun 1325 og hvernig stuðla má að framgangi hennar í heimalöndum nemenda skólans, sem hafa komið frá Afganistan, Palestínu, Mósambík og Úganda.
- Síðastliðin ár hafa íslensk stjórnvöld veitt framlög til starfsemi UN Women í Palestínu, Afganistan og á Balkanskaga.
- Veittir hafa verið styrkir til félagsamtaka sem vinna að réttindamálum kvenna á áttaksvæðum, m.a. í Palestínu.

1. Þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014. (Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.) Þskj. 788 — 486. mál.

1 FRÆÐSLA OG MÁLSVARASTARF

Deir starfsmenn sem vinna að framkvæmd ályktunar 1325, innanlands og á alþjóðavettvangi, þurfa að búa yfir þekkingu á ályktuninni og mikilvægi hennar fyrir varanlegan frið í heiminum og friðaruppbyggingu á áttaksvæðum.

Fyrsta markmið áætlunarinnar er því að auka þekkingu á ályktun 1325 og stuðla að framkvæmd hennar og framgangi innanlands og á alþjóðavettvangi. Sjónum verður sérstaklega beint að útsendum sérfræðingum Íslensku friðargæslunnar sem starfa hjá alþjóðastofnunum á áttaksvæðum og þar sem unnið er að friðaruppbyggingu. Jafnframt verður markvisst unnið að því að fræða starfsfólk utanríkisþjónustunnar og starfsfólk Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Lögð verður áhersla á að starfsfólk kunnir skil á ályktuninni og áætlun íslenskra stjórnvalda um framkvæmd hennar þannig að hún nýtist í starfi. Þá skulu starfsmenn beita sér fyrir framgangi ályktunarinnar á alþjóðavettvangi, m.a. með því að tala máli 1325 þegar færi gefst og vera þannig málsvarar ályktunarinnar.

AFRAKSTUR	AÐGERÐIR	MÆLIKVARÐAR
<p>1.1 Starfsfólk utanríkisráðuneytisins, útsendir sérfræðingar á vegum Íslensku friðargæslunnar og starfsfólk ÞSSÍ, sem vinna að málaflokknum innanlands og á alþjóðavettvangi, kann skil á ályktun öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi og nýtir þekkinguna í starfi</p>	<ul style="list-style-type: none"> ■ Allir útsendir sérfræðingar Íslensku friðargæslunnar fá sértæka fræðslu fyrir brottför um: <ul style="list-style-type: none"> - Hvernig hægt er að styðja konur til áhrifa og stuðla að aukinni þátttöku þeirra í friðar- og uppbyggingarstarfi í þeim löndum sem starfið fer fram - Hvernig stuðla beri að vernd kvenna og stúlkna á áttaksvæðum og hvernig komið sé í veg fyrir ofbeldi gegn konum og stúlkum - Hvernig hægt er að veita aðstoð til þolenda ofbeldis á ófriðarsvæðum ■ Árleg fræðsla um ályktun 1325 um konur, frið og öryggi. Markhópur: starfsfólk UTN og ÞSSÍ ■ Starfsfólk ÞSSÍ á vettvangi fái sértæka fræðslu um 1325 sem miði að því að skoða hvernig vinna megi að framgangi ályktananna í samstarfslöndum ÞSSÍ 	<ul style="list-style-type: none"> ■ Hlutfall útsendra sérfræðinga Íslensku friðargæslunnar sem fær sértæka fræðslu fyrir brottför skal vera 100% ■ Fræðsla starfsmanna talin nytsamleg í mati að verkefni loknu ■ Árlegur fræðslufundur haldinn fyrir hvert svið UTN og aðalskrifstofu ÞSSÍ ■ Kynning á ályktun 1325 á árlægum fundi sendiherra ■ Kynning á ályktun 1325 á umdæmisskrifstofum ÞSSÍ tvisvar á gildistíma áætlunarinnar
<p>1.2 Starfslýsingar og/eða verkefnaskjöl fyrir útsenda sérfræðinga til alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, taka tillit til ályktunar 1325</p>	<ul style="list-style-type: none"> ■ Að rýna verkefnaskjöl og/eða starfslýsingar hjá alþjóðastofnunum fyrir sérfræðinga Íslensku friðargæslunnar m.t.t. þess að stuðlað sé að framgangi ályktunar 1325 þar sem því verður við komið 	<ul style="list-style-type: none"> ■ Hlutfall verkefnaskjala og/eða starfslýsinga þar sem tekið er fram að starfið felist í framgangi ályktunar 1325, skal vera að lágmarki 75% á ársgrundvelli
<p>1.3 Aðgerða- og/eða samstarfsáætlanir Íslands taka mið af ályktun 1325</p>	<ul style="list-style-type: none"> ■ Í aðgerðaáætlun fyrir Afganistan verði sérstaklega tekið fram hvernig stuðla skuli að framgangi ályktunar 1325 ■ Í aðgerðaáætlun fyrir Palestínu verði sérstaklega tekið fram hvernig stuðla skuli að framgangi ályktunar 1325 ■ Við gerð samstarfsáætlunar fyrir Úganda og Mósambík verði kannað hvort/hvernig hægt sé að vinna að framgangi ályktunar 1325 	<ul style="list-style-type: none"> ■ Aðgerðaáætlanir fyrir Palestínu og Afganistan taki mið af ályktun 1325 ■ Samstarfsáætlanir fyrir Úganda og Mósambík taki mið af ályktun 1325, ef við á
<p>1.4 Íslensk stjórnvöld tala máli 1325 ávallt þegar tækifæri gefst</p>	<ul style="list-style-type: none"> ■ Málsvarastarf á vettvangi SP ■ Málsvarastarf á vettvangi NATO ■ Málsvarastarf á vettvangi ÖSE ■ Ísland taki þátt í starfi „vina UN Women“ (e. Friends of UN Women) á vettvangi SP í NY ■ Ísland taki þátt í starfi „vina kvenna, friðar og öryggis“ (e. Friends of Women, Peace and Security) á vettvangi SP í NY 	<ul style="list-style-type: none"> ■ Fjöldi tillagna á ári hverju sem Ísland setur fram í stefnumótunarskjölum á vettvangi alþjóðastofnana <ul style="list-style-type: none"> - Par af samþykktar tillögur ■ Fjöldi viðburða um 1325, sem skipulagðir eru af Íslands hálfu, með einum eða fleiri þátttakendum ■ Fjöldi erinda um 1325 sem Ísland flytur eða er með-flytjandi að

2 ÞÁTTTAKA

Aukin þátttaka kvenna og áhrif í friðarferlum og uppbyggingu samfélaga að átökum loknum er mikilvægur þáttur í að koma á varanlegum friði. Íslensk stjórnvöld hafa verið málsvarar þess að konur taki jafnan þátt í friðaruppbyggingu og karlar og eigi fulltrúa í formlegum og óformlegum friðarumleitunum, friðarsamningum og friðaruppbyggingu.

Annað markmið áætlunarinnar er því að hafa áhrif á að konur, jafnt og karlar, taki virkan þátt í framkvæmd og ákvarðanatöku um friðaraðgerðir, friðarferlum og uppbyggingu samfélaga eftir að átökum lýkur. Lögð er áhersla á að viðhalda jöfnu kynjahlutfalli meðal útsendra sérfræðinga

Íslensku friðargæslunnar, en það markmið náðist árið 2011. Auk þess verður lögð áhersla á að auka hlutfall kvenna í áhrifastöðum, innan alþjóðastofnana og íslensku utanríkisþjónustunnar. Þá skal Íslenska friðargæslan manna stöður sérfræðinga í jafnréttismálum á vettvangi.

Á þeim fundum um friðar- og öryggismál sem Ísland boðar til, eða sem íslenskir ráðamenn eða embættismenn sækja, verður lögð áhersla á þátttöku kvenna. Hvatt verður til þess að konur sem vinna að friðar- og/eða jafnréttismálum verði meðal þátttakenda á fundunum sjálfum, auk þess sem óskað verði eftir sérstökum fundum með konum í áhrifastöðum og/eða fulltrúum friðar- og/eða jafnréttissamtaka. Jafnframt verður leitast við að kynjajafnvægis sé gætt meðal íslenskra þátttakenda á fyrrnefndum fundum.

AFRAKSTUR	AÐGERÐIR	MÆLIKVARÐAR
2.1 Íslenska friðargæslan manna stöður sérfræðinga í jafnréttismálum á vettvangi	<ul style="list-style-type: none"> Markvisst verði leitað eftir að manna stöður sérfræðinga í jafnréttismálum innan alþjóðastofnana sem starfa að friðar-, öryggis- og uppbyggingarstörfum Einstaklingar með reynslu og/eða þekkingu á jafnréttismálum gegni stöðum sérfræðinga í jafnréttismálum sem Ísland manna 	<ul style="list-style-type: none"> Hlutfall stöðugilda sérfræðinga í jafnréttismálum
2.2 Konur til jafns við karla vinna sem sérfræðingar Íslensku friðargæslunnar á vettvangi	<ul style="list-style-type: none"> Kynjajafnvægi verði viðhaldið meðal útsendra sérfræðinga ÍF, bæði hvað varðar starfandi sérfræðinga á vettvangi sem og fjölda manna á ári 	<ul style="list-style-type: none"> Hlutfall kynjanna verði sem næst 50/50 hvað varðar sérfræðinga að störfum á vettvangi og fjölda manna á ársgrundvelli
2.3 Fleiri konur gegna áhrifastöðum á alþjóðlegum og innlendum vettvangi	<ul style="list-style-type: none"> Þar sem fjöldi kvenna í áhrifastöðum hefur ekki verið kortlagður þarf að fara í eftirfarandi aðgerðir: <ul style="list-style-type: none"> Skilgreina hvaða stöður teljast til áhrifastaða á vettvangi friðar- og öryggismála Skilgreina hvaða stöður teljast áhrifastöður í utanríkisþjónustunni Ísland leitast við að styðja konur til áhrifastarfa innan alþjóðastofnana 	<ul style="list-style-type: none"> Listi yfir áhrifastöður á vettvangi friðar- og öryggismála – Lokið: des. 2013 Listi yfir áhrifastöður í íslensku utanríkisþjónustunni – Lokið: des. 2013 Hlutfall kvenna sem fá stuðning til að gegna áhrifastöðum miðað við karla á vettvangi alþjóðastofnana
2.4 Konur frá átakasvæðum taka þátt í fundum er varða öryggismál og friðaruppbyggingu sem íslenskir embættismenn skipuleggja eða sækja	<ul style="list-style-type: none"> Þar sem íslenskir embættismenn og starfsmenn utanríkisþjónustunnar boða til eða taka þátt í fundum sem fjalla um friðar- og öryggismál sé þess óskað að sérstakir fundir verði haldnir með konum í áhrifastöðum og/eða fulltrúum friðar- og jafnréttissamtaka. Jafnframt skal leitast við að kynjajafnvægis sé gætt meðal íslenskra þátttakenda Þar sem íslenskir embættismenn og starfsmenn utanríkisþjónustunnar boða til eða taka þátt í fundum sem fjalla um friðar- og öryggismál sé hvatt til þess að konur sem vinna að friðar- og jafnréttismálum verði meðal þátttakenda 	<ul style="list-style-type: none"> Fjöldi funda með konum í áhrifastöðum og/eða fulltrúum friðar- og jafnréttissamtaka Fjöldi kvenna sem tekur þátt í fundum um friðar- og öryggismál
2.5 Aukin þátttaka kvenna frá átakasvæðum í friðarferlum og uppbyggingarstarfi	<ul style="list-style-type: none"> Við úthlutun á styrkjum til þróunarsamvinnu, mannúðar- og neyðaraðstoðar á vegum íslenskra félagasamtaka verði stutt við verkefni þar sem meginmarkmið er að auka þátttöku kvenna í friðarferlum og uppbyggingarstarfi Stuðningur við alþjóðastofnanir og/eða félagasamtök sem vinna á vettvangi að því að auka þátttöku kvenna í friðarferlum og uppbyggingarstarfi 	<ul style="list-style-type: none"> Hlutfall styrkja/fjárframlaga sem fara til verkefna á vegum íslenskra félagasamtaka sem felast í að auka þátttöku kvenna í friðarferlum og uppbyggingarstarfi Árleg framlög til verkefna sem unnin eru af félagasamtökum heimamanna eða alþjóðastofnunar og beinast að aukinni þátttöku kvenna í friðarferlum og uppbyggingarstarfi. Framlöggin nemi að lágmarki 5 m.kr. á ári

3 FYRIRBYGGJANDI STARF, VERND, AÐSTOÐ OG ENDURHÆFING³

Átök hafa mismunandi áhrif á konur og karla. Konur eru oftast fórnarlömb átaka utan bardaga en karlar. Þær láta lífið við almenn störf á heimilum og við störf utan heimilis, eru teknar fanga, nauðgað og seldar í þrældóm og mansali. Því þarf að huga sérstaklega að vernd kvenna og stúlkna í átökum, líkt og ályktun 1325 segir til um.

Á sama tíma hafa konur sérstöku hlutverki að gegna við enduruppbyggingu samfélaga, sem gerendur og virkir þátttakendur í uppbyggingarstarfi. Sem fórnarlömb (sérstaklega kynferðislegs ofbeldis), þurfa þær auk þess að njóta verndar, aðstoðar og endurhæfingar. Því er lykilatriði að tryggja að kynjasjónarmið séu samþætt í allt fyrirbyggjandi starf, vernd, aðstoð og endurhæfingu.

Þriðja markmið áætlunarinnar snýr að því að stuðla að vernd kvenna og stúlkna á átakasvæðum, koma í veg fyrir kynbundið og kynferðislegt ofbeldi, aðstoða fórnarlömb ofbeldis og gæta þess að þörfum kvenna og stúlkna sé mætt í öllu mannúðar- og uppbyggingarstarfi á

átakasvæðum. Í framkvæmdaáætluninni er gerð sú krafa að verkefni sem Ísland styður og miðar að friðar- og uppbyggingastarfi, hvort sem er í gegnum alþjóðastofnanir eða félagasamtök, tryggi eftir föngum að konur og stúlkur búi við öryggi og vernd og að þær hljóti aðstoð ef þörf er á. Vinna skal markvisst að fræðslu um ályktun 1325 og ákvæði hennar til félagasamtaka sem íslensk stjórnvöld veita framlög til. Auk þess verður rætt með kerfisbundnum hætti við félagasamtök um hvernig þau geti veitt faglega aðstoð til fórnarlamba kynferðislegs ofbeldis. Þá verða veittir styrkir til verkefna á vegum alþjóðastofnana og/eða félagasamtaka sem vinna á vettvangi að vernd og aðstoð við fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis.

Flóttamenn – konur í hættu

Frá árinu 2005 hafa stjórnvöld veitt tæplega 100 konum og börnum þeirra hæli hér á landi. Flóttamannastofnun SP (UNHCR) hefur skilgreint þær sem Konur í hættu og ekki treyst sér til að tryggja öryggi þeirra í flóttamannabúðum. Um er að ræða konur sem eru í sérstakri hættu á að verða fyrir kynferðislegu áreitni, misnotkun og ofbeldi. Tekið hefur verið á móti konum og börnum frá Kólumbíu, konum og börnum af palestínskum uppruna búsettum í Írak og flóttafólki frá Afganistan.

AFRAKSTUR	AÐGERÐIR	MÆLIKVARÐAR
<p>3.1 Konur og stúlkur á átakasvæðum eru verndaðar gegn ofbeldi og njóta stuðnings</p>	<ul style="list-style-type: none"> Fræðsla um 1325 og markvissar samræður við félagasamtök og stofnanir um hvernig þau geti stuðlað að öryggi og vernd kvenna og stúlkna á átakasvæðum Við úthlutun á styrkjum til þróunarsamvinnu, mannúðar- og neyðarstarfa á vegum íslenskra félagasamtaka verði stutt við verkefni þar sem meginmarkmið er að stuðla að vernd gegn kynferðislegu ofbeldi á átakasvæðum Stuðningur við alþjóðastofnanir og/eða félagasamtök heimamanna sem vinna á vettvangi að vernd og veita fórnarlömbum ofbeldis aðstoð 	<ul style="list-style-type: none"> Námskeið haldið fyrir félagasamtök á Íslandi tvisvar á gildistíma áætlunarinnar. Áætlaður kostnaður: 500 þ. per námskeið Hlutfall styrkja/fjárframlaga sem fara til verkefna á vegum íslenskra félagasamtaka sem felast í vernd gegn kynferðislegu ofbeldi á átakasvæðum og/eða endurhæfingu fyrir fórnarlömb Framlög til verkefna sem unnin eru af félagasamtökum heimamanna eða alþjóðastofnunar og beinast að vernd kvenna og aðstoð við fórnarlömb ofbeldis. Framlöggin nemi að lágmarki 10 m.kr. á ári að meðtöldum framlögum til sömu aðila undir lið 3.2.

3. Skilgreining SP á fyrirbyggjandi starfi/Prevention: „Mainstream gender perspective into all conflict prevention activities, develop effective gender-sensitive early warning mechanisms and institutions, and strengthen efforts to prevent violence against women, including gender based violence.“

Skilgreining SP á vernd/Protection: „Strengthen and amplify efforts to secure the safety physical or mental wellbeing economic security and or dignity of women and girls, promote and safeguard human rights of women and mainstream a gender perspective into legal and institutional reform.“

Skilgreining SP á aðstoð og endurhæfingu /Relief and Recovery: „Promote women’s equal access to aid distribution mechanisms and services, including those dealing with specific needs of women and girls in all relief efforts.“

3. FYRIRBYGGJANDI STARF, VERND, AÐSTOÐ OG ENDURHÆFING

AFRAKSTUR	AÐGERÐIR	MÆLIKVARÐAR
<p>3.2 Aðgangur að faglegri aðstoð og endurhæfingu fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis</p>	<ul style="list-style-type: none"> Fræðsla um 1325 og markvissar samræður við félagasamtök og stofnanir um hvernig þau geti veitt faglega aðstoð til fórnarlamba kynferðislegs ofbeldis Við úthlutun á styrkjum til þróunarsamvinnu, mannúðar- og neyðaraðstoðar á vegum íslenskra félagasamtaka verði stutt við verkefni þar sem meginmarkmið er að aðstoða fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis Stuðningur við alþjóðastofnanir og/eða félagasamtök heimamanna sem vinna á vettvangi að vernd og veita fórnarlömbum ofbeldis aðstoð 	<ul style="list-style-type: none"> Námskeið haldið fyrir félagasamtök á Íslandi tvisvar á gildistíma áætlunarinnar. Sjá lið 3.1. Hlutfall styrkja/fjárframlaga sem fara til verkefna á vegum íslenskra félagasamtaka sem felast í aðstoð fórnarlamba kynferðislegs ofbeldis Framlög til verkefna sem unnin eru af félagasamtökum heimamanna eða alþjóðastofnunum og beinast að vernd kvenna og aðstoð við fórnarlömb ofbeldis. Framlöggin nemi að lágmarki 10 m.kr. á ári að meðtöldum framlögum til sömu aðila undir lið 3.1.
<p>3.3 Að aðstoða fórnarlömb mansals á Íslandi</p>	<ul style="list-style-type: none"> Að framfylgja aðgerðaáætlun Íslands gegn mansali 	<ul style="list-style-type: none"> Sjá aðgerðaáætlun gegn mansali



4 SAMSTARF OG SAMRÁÐ

Stjórnvöld leggja mikla áherslu á samstarf og samráð við þá sem starfa að framgangi ályktunar 1325. Á það jafnt við um samstarf við innlend og erlend félagasamtök, alþjóðastofnanir og ríki sem hafa svipaða afstöðu og Ísland. Slíkt samstarf hefur margfeldisáhrif og leiðir til samlegðaráhrifa af þeim aðgerðum sem kveðið er á um í ályktun 1325 og öðrum ályktunum um konur, frið og öryggi.

Fjórða markmið áætlunarinnar er því að efla samstarf um 1325 og auka samráð við hagsmunaaðila héraendis og erlendis. Gert er ráð fyrir samráði við aðila sem hafa þekkingu og reynslu af starfi á vettvangi átaka, og konur sem unnið hafa að friðarstarfi og/eða búið við vopnuð átök. Þá verður ályktun 1325 kynnt fagráðuneytum, stofnunum og félagasamtökum sem gætu haft með málaflokkinn að gera. Á gildistíma áætlunarinnar mun utanríkisráðuneytið efna til tveggja málþinga um konur, frið og öryggi. Auk þess verður unnið að því að þetta norrænt samráð og samstarf um málefni ályktunarinnar.



AFRAKSTUR	AÐGERÐIR	MÆLIKVARÐAR
4.1 Samráð við aðila sem hafa reynslu og þekkingu af starfi á vettvangi átaka og af reynslu kvenna sem unnið hafa að friðarstarfi og búið við ofbeldi stríðandi aðila	<ul style="list-style-type: none"> Samráðshópur stofnaður á Íslandi um málefni 1325 	<ul style="list-style-type: none"> Verklýsing samráðshóps Árlegur fundur samráðshóps
4.2 Fagráðuneyti, stofnanir og félagasamtök sem hafa með málaflokkinn að gera þekki til ályktunar 1325	<ul style="list-style-type: none"> Ályktun 1325 og framkvæmdaáætlun Íslands verða kynntar fagráðuneytum, stofnunum og félagasamtökum sem koma að framkvæmd ályktana um konur, frið og öryggi 	<ul style="list-style-type: none"> Fjöldi kynninga Námskeið haldið fyrir félagasamtök á Íslandi tvisvar á gildistíma áætlunarinnar. Sjá lið 3.1.
4.3 Aukin þekking almennings á ályktun 1325	<ul style="list-style-type: none"> Opið málþing, með þátttöku erlendra sérfræðinga, haldið um ályktun 1325 	<ul style="list-style-type: none"> Opið málþing – tvisvar á gildistíma áætlunarinnar. Kostnaður: 2 m.kr. per málþing
4.4 Samvinna og samráð við Norðurlönd þannig að samlegðaráhrif náist við framkvæmd áætlunarinnar	<ul style="list-style-type: none"> Samstarf við Norðurlönd um 1325 Á gildistíma framkvæmdaáætlunarinnar verði leitað eftir þátttöku í sameiginlegri fræðslu s.s. við norræn fræðslusetur; eftirliti, úttektum og mati (gagnkvæmu og sameiginlegu); rannsóknnum; sameiginlegum verkefnum á vettvangi og samstilltum aðgerðum á alþjóðavettvangi 	<ul style="list-style-type: none"> Virk þátttaka í samstarfi Norðurlanda um 1325 Kortlagning á mögulegu norrænu samstarfi – Lokið: des. 2013 Samstarf verði hafið við a.m.k. einn norrænan aðila

ÁBYRGÐ, EFTIRLIT OG MAT Á ÁRANGRI

Áætlun Íslands um framkvæmd ályktunar 1325 er stefnuskjal íslenskra stjórnvalda um konur, frið og öryggi, og ber þeim sem starfa að friðar- og öryggismálum á vegum Íslands skylda til að framfylgja áætluninni.

Innan utanríkisráðuneytisins starfar sérstakt fagteymi í jafnréttismálum sem hefur það meginhlutverk að sam- eina stefnu íslenskra stjórnvalda á sviði jafnréttismála í þróunarsamvinnu og auka samlegðaráhrif af þróunar- verkefnum Íslands. Í teyminu sitja fulltrúar frá utan- ríkisráðuneytinu og Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Fagteymið fylgir eftir áætlun Íslands um framkvæmd 1325 og skýrir frá framvindunni í ársskýrslu teymisins. Í árlegri skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis verður jafnframt gerð grein fyrir framkvæmd ályktunar 1325 auk þess sem jafnréttisfulltrúi utanríkisráðuneytisins tekur saman niðurstöður um árangur áætlunarinnar árlega.

Útsendum sérfræðingum á vegum Íslensku friðargæslunnar ber að greina frá starfi sínu í árlegum skýrslum til ráðuneytisins. Draga skal fram hvernig (og hvort) starfsmenn hafa unnið að framgangi ályktunar 1325 í störfum sínum á vettvangi og hvernig fræðsla og þekking á henni hefur nýst þeim í starfi. Í kjölfarið skal mat lagt á hvernig gera má fræðslu útsendra sér- fræðinga fyrir brottför markvissari.

Frá og með 2011 eru öll tvíhliða framlög Íslands til þróunarsamvinnu greind með kynjajafnréttisstiku þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfara- stofnunarinnar, þar á meðal framlög til friðaruppbyg- gingar. Kynjajafnréttisstíkan er notuð til greiningar með það fyrir augum að komast að því hvort verkefnum sé ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Verkefnum er skipt í þrjá flokka:

2. verkefni sem hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að **meginmarkmiði**.
1. verkefni sem stuðla á **marktækan hátt** að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna.
0. verkefni sem **ekki** hafa jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna að **markmiði**.



Markmiðið með þessari greiningu er að fylgjast með því hvort framlög Íslands til friðaruppbyggingar er ætlað að stuðla að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna.

Gildistími áætlunarinnar eru fjögur ár og gildir hún frá 2013 til 2016. Hún skal þó endurskoðuð á miðju tímabilinu (2014/2015) og mat lagt á hvort afrakstur, aðgerðir og mælikvarðar eigi enn við, og hvort breytinga sé þörf.



ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ